

## Umsögn um lagafrumvarp

Sendandi: Sigurður Ragnarsson, Vesturgötu 38, 230 KEFLAVÍK

Dagsetning þessarar umsagnar: 12. desember 2018

Heiti þingmáls: Þungunarrof, lagafrumvarp frá 2018

Númer: 393. mál á 149. löggjafarþingi (var vísað til velferðarnefndar)

-----

Fóstureyðingum í þróuðum löndum hefur fækkað verulega síðustu áratugi. Á Íslandi eru ekki mikil sárafátækt eða almenn bágindi, svo að gefi tilefni til að breyta reglum og gera fóstureyðingar auðveldari. Barnafjöldi er síður en svo að sliga opinbera þjónustu. Opinberir aðilar gætu, án þess að ganga nærri sér, aukið stuðning við fátæk eða vanburða heimili með börn, eftir því sem þörf þætti vera á. Sömu leiðis mætti rýmka reglur um ættleiðingu og uppfóstur hjá vandamönnum, ef það hefði gagnleg áhrif. Ekkert af þessu er nefnt í hinu nýja frumvarpi um þungunarrof eða greinargerð með því.

Með árunum hefur smám saman komið æ betur í ljós, að þroski ófæddra barna byrjar snemma og er verulegur. Þau eru ekki tilfinningalaus frumuklasi. Þau geta engst af sársauka. Þau eru ekki sama lífvera og móðir þeirra. Þess vegna fer víða fram málefnaleg umræða um réttindi ófæddra barna. Hennar sér á engan hátt stað í hinu nýja frumvarpi eða greinargerð með því. Þörf gæti verið á því að stofna embætti umboðsmanns ófæddra barna.

Í greinargerðinni er kafli, sem heitir Samanburður við önnur lönd. Það eru hinar Norðurlandáþjóðirnar, Bretar, Hollendingar, Belgar, Frakkar og Kanadamenn. Þjóðverjar eru fjölmennasta þjóð innan Evrópusambandsins. Hvers vegna komast þeir ekki á blað? Er það vegna þess, að þar eru dálítið meiri hömlur á fóstureyðingum en til dæmis í Frakklandi eða nýja frumvarpinu um þungunarrof? Skiptir þá ekki máli að fræðast um tilhögun í Þýskalandi og hvort reynsla Þjóðverja er góð eða ekki? Ítalir, Spánverjar og Pólverjar eru fjölmennari en Hollendingar og Belgar. Hvers vegna komast þeir ekki á blað? Í Kanada eiga heima 37 milljónir manna en í Bandaríkjunum 326 milljónir. Bandaríkjamönnum er sleppt í greinargerðinni. Er það vegna þess, að þeir hafa á allra síðustu árum notað reynslu sína til að þrengja dálítið að fóstureyðingum? Sem sér kannski ekki fyrir endann á.

Hið sama á við allvíða í Evrópu, að heimildir til fóstureyðinga hafa verið þrengdar. Sú þróun gæti átt eftir að halda áfram. Ekki er vikið að því í greinargerðinni. Og ekki að reynslunni af þessu. Og þá ekki heldur að óvæntri stefnubreytingu, sem virðist vera að gerast í Kína, til að fækka fóstureyðingum.

Ástæða er til að draga í efa, að fræðsla um aukaverkanir af fóstureyðingum hafi undanfarna áratugi verið fullnægjandi. Of lítið hefur verið gert úr sumum áhættuþáttum, til dæmis ófrjósemi.

Hin siðferðilega hlið er lítið breytt frá árinu 1975. Ef til vill má þó segja, að talsvert fleiri landsmenn eigi nú uppruna á meðal þjóða, sem eru að verulegu leyti andsnúnar fóstureyðingum. Taka ætti tillit til þess.

Hafna verður þeirri skoðun, að nú sé ástæða til að gera fóstureyðingar auðveldari.